

Ölduselsskóli - Ytra mat



Október 2016



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Dröfn Rafnsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Una Björg Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björk Ólafsdóttir

INNGANGUR	5
Ölduselsskóli	6
Árangur og líðan nemenda – yfirlit	7
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í ÖLDUSELSSKÓLA	10
STJÓRNUN - SAMANTEKT	11
Fagleg forysta	11
Stefnumótun og skipulag	13
Samskipti heimila og skóla	14
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	15
Nám og námsaðstæður	15
Þátttaka og ábyrgð nemenda	17
Skóli án aðgreiningar	18
Vettvangsheimsóknir í Ölduselsskóla	20
MANNAUÐUR - SAMANTEKT	24
ÖLDUSELSSKÓLI – YFIRLIT	25

Myndir:

Mynd 1: Talnalykill.	7
Mynd 2: Lesskimun	8
Mynd 3: Vinna í 26 kennslustundum, einstalingsvinna eða samvinna.	21
Mynd 4: Notkun upplýsingatækni í 26 kennslustundum.	22
Mynd 5: Markmið gerð nemendum sýnileg	22
Mynd 6: Markmið kynnt nemendum.	22
Mynd 7: Mat á gæðum kennslustundum Ölduselsskóla í samanburði við 1000 aðrar.	23

Töflur:

Tafla 1. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Ölduselsskóla árin 2005-2015	7
Tafla 2: Niðurstöður Skólapúlsins, virkni nemenda.	8
Tafla 3: Niðurstöður Skólapúlsins, líðan og heilsa.	9
Tafla 4: Kennsluaðferðir í 26 kennslustundum í Ölduselsskóla.	20
Tafla 5: Val á verkefnum í 26 kennslustundum í Ölduselsskóla.	20
Tafla 6: Val á útfærslu 26 kennslustunda í Ölduselsskóla.	21

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Ölduselsskóla sem fór fram í október 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla og frístundastarfs, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Ölduselsskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2016-2017. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur í 6. og 9. bekk, starfsmenn og foreldra. Stuðst var við foreldrakönnun sem fór fram í febrúar 2016. Í könnuninni má finna svör vegna tæplega helmingis barna á yngsta, mið- og unglingastigi í skólanum. Könnun starfsmanna og nemenda fór fram í október 2016. Hjá starfsmönnum var svarhlutfall 73% og hjá nemendum í 6. og 9. bekk var svarhlutfall 92%. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um ytra mat í Ölduselsskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Ölduselsskóli er grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Skólastjóri er Börkur Vígþórsson og aðstoðarskólastjóri er Aðalheiður D. Hjálmarsdóttir.

Kennsla hófst í Ölduselsskóla haustið 1975. Þegar skólinn tók til starfa var engin skólabygging risin og fór starfið fram í lausum kennslustofum á skólalóð. Haustið 1977 var flutt í fyrsta áfanga skólabyggingar, 16 stofur ásamt miðrými. Haustið 1980 var allur annar áfangi Ölduselsskóla tekinn í notkun. Sameiginlegt íþróttahús með Seljaskóla var tekið í notkun sama ár og haustið 1988 bættist við útisundlaug ásamt fylgihúsnæði. Lokið var við byggingu þriðja áfanga árið 1997 og haustið 2007 var lokið við síðasta áfanga viðbyggingar við skólann þar sem m.a. er íþróttasalur sem einnig þjónar sem matsalur. Haustið 2016 var nýuppgerð skólalóð Ölduselsskóla tekin í notkun.

Einkunnarorð Ölduselsskóla eru *færni, virðing og metnaður*, þar sem lagt er upp með að starfsmenn og nemendur leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín, bæti færni sína á sem flestum sviðum og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Í starfsáætlun Ölduselsskóla kemur fram að markmið skólans eru að:

- Að nemendum líði vel í skólanum, þeir öðlist trú á sjálfum sér, finni sig örugga og gangi glaðir til verka.
- Að nemendur auki við þekkingu sína og færni og komist til aukins þroska.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum einstaklingum og umhverfi sínu.
- Að allir starfsmenn leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín og nemenda sinna.

Í starfsáætlun kemur fram að markmiðið er að í skólanum sé öflug kennsla í bóklegum og verklegum greinum. Einnig að vinna í skólanum byggji á mikilli samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti öflugum skólastarfi án aðgreiningar. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka samstarf milli bekkja með teymiskennslu í árgangi þar sem litið er á árganginn sem eina heild. Það kemur einnig fram að stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum en þróa þær samhliða nýjum leiðum með það að leiðarljósi að styrkja nemendur í námi og þroska.

Í Ölduselsskóla voru 462 nemendur í 1.-10. bekk þann 1. október 2016. Skólaárið 2016-2017 voru 67 starfsmenn Ölduselsskóla í 66,2 stöðugildum, þar af kennarar í 38,2 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,0 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en að meðaltal í borginni í heild (7,7).¹ Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 12,1 nemandi á hvert stöðugildi sem er einnig lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (12,9).²

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.


ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT

Árangur nemenda í Ölduselsskóla í samræmdum prófum hefur haldist svipaður síðust ár (2005-2015). Námsárangur í 4. bekkur hefur oftast en ekki verið undir meðaltali skóla í Reykjavík í íslensku og stærðfræði þessi ár (2005-2015). Í 7. bekk var námsárangur nemenda í íslensku oftast undir meðaltali en í stærðfræði hafa nemendur í 7. bekk oftast verið yfir meðaltali skóla. Í 10. bekk hefur árangur nemenda verið oftast yfir meðaltali annarra skóla í stærðfræði og ensku en oftast undir í íslensku (tafla 1).

Tafla 1. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Ölduselsskóla árin 2005-2015


	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
4. bekkur											
Íslenska	26,8	29,8	30,5	31,7	26,9	30,2	29,2	27,1	28,2	29,2	27,7
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	31,0	30,5	30,9
Stærðfræði	26,0	25,1	27,8	28,5	23,7	27,1	25,4	26,7	28,4	25,3	27,3
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9	30,7	30,3	30,8
7. bekkur											
Íslenska	36,8	29,5	29,9	30,5	32,4	30,6	28,9	29,8	30,6	30,4	26,7
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,6	30,3	30,7
Stærðfræði	27,4	31,0	32,2	29,6	32,4	32,6	33,5	32,9	29,7	34,2	30,7
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,7	31,4	30,4
10. bekkur											
Íslenska	33,4	28,5	31,2	30,8	29,1	30,0	28,7	31,7	31	29,2	29,7
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8	31,1	30,5	30,8	31,2
Stærðfræði	32,5	28,7	32,8	32,7	30,4	31,0	27,5	31,7	31,8	30,4	32,6
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1	30,3	30,9	31,3
Enska				31,5	30,0	31,5	30,4	31,5	30,5	31,5	31,7
Reykjavík				32,1	31,7	31	31,3	31,1	31,2	31,5	31,6

Á mynd 1 má sjá hlutföll nemenda í Ölduselsskóla sem tóku þátt í Talnalykli eftir því í hve mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er borin saman við hlutföll í Reykjavík í heild sinni sem og hlutföll í Ölduselsskóla árið 2014. Á myndinni má sjá að árangur skólans var mun betri árið 2014 en 2015 og að skólinn var undir meðaltali skóla í Reykjavík það ár, 2015.



Mynd 1: Talnalykill.

Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt Lesskimun í 2. bekk í Ölduselsskóla hefur verið undir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu þrjú ár. Vorið 2016 gátu 47% nemenda sem tóku þátt, lesið sér til gagns í Ölduselsskóla (í Reykjavík 66%), 2015 voru það 50% nemenda í Ölduselsskóla (í Reykjavík 64%), árið 2014 gátu 53% nemenda sem tóku þátt lesið sér til gagns (66% í Reykjavík) en tvö ár þar á undan var Ölduselsskóli yfir meðaltali skóla í Reykjavík (mynd 2).



Mynd 2: Lesskimun

Ölduselsskóli hefur tekið þátt í könnun Skólapúlsins undanfarin ár. Skólinn kom vel út í nokkrum þáttum í könnun Skólapúlsins 2016 (tafla 2).

Tafla 2: Niðurstöður Skólapúlsins, virkni nemenda.

Virkni nemenda í skólanum	Ölduselsskóli	Landið
Ánægja af lestri	5,6	4,9
Þrautsegja í námi	5,9	5,2
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	6,0	5,3
Trú á eigin námsgetu	5,6	5,1
Agi í tímum	6,3	5,4
Virk þátttaka nemenda í tímum	6,1	5,4
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,5	5,0

Líðan og heilsa barna/unglinga í Ölduselsskóla kom vel út í könnun sem gerð var 4. nóvember 2016. Vellíðan mældist 5,2 í Ölduselsskóla en 5,0 að landsmeðaltali, sjálfsálit nemenda var einnig yfir meðaltali eða 5,4 í Ölduselsskóla en 5,1 að landsmeðaltali. Matsþátturinn *stjórn á eigin lífi* mældist 5,5 í Ölduselsskóla en var 4,9 á landsvísu. Tíðni eineltis mældist mjög lág í Ölduselsskóla og langt undir meðaltali annarra skóla, 2,3% í Ölduselsskóla en 10,5% á landinu.

Tafla 3: Niðurstöður Skólapúlssins, líðan og heilsa.

Líðan og heilsa	Ölduselsskóli	Landið
Vellíðan	5,2	5,0
Sjálfsálit	5,4	5,1
Stjórn á eigin lífi	5,5	4,9
Tíðni eineltis	2,3	10,5

STYRKLEIKAR.

Skólabragur Ölduselsskóla einkennist almennt af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Starfsandi er almennt góður, nemendur er ánægðir með skólann og starfsfólkið og ánægja er meðal foreldra gagnvart skólastarfinu. Samstarf við grenndarsamfélagið er gott.

Stjórnendur funda reglulega innan hópsins, með skólaráði og með samstarfsaðilum og grenndarsamfélaginu. Starfsmannafundir og kennarafundir eru haldnir reglulega og dagskrá funda er kynnt fyrirfram og fundargerðir aðgengilegar.

Ölduselsskóli hefur komið vel út í mörgum þáttum í könnunum Skólapúlsins, m.a. mældist tíðni eineltis mikið lægri í Ölduselsskóla en að meðaltali í skólum Reykjavíkur, trú á eigin getu og vinnubrögðum í eigin námi mældist há og ánægja af lestri. Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám, þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Kennarar eru jákvæðir gagnvart nemendum sem m.a. skilar sér í góðum skólabrag. Flestir kennarar leggja sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda en í vettvangsathugunum voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar eða 92%. Meirihluti nemenda er sammála því að kennarar og starfsfólk sé sanngjarnt og sýni nemendum virðingu og kennararnir hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf skýra stefnu fyrir skólann í samvinnu við kennara, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila og sammælast um leiðir til að vinna að settu marki. Leggja þarf áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum um skólastarfið og stefnu skólans. Vinna þarf markvisst að því að auka samstarf og efla traust milli stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Brýnt er að gera áætlun um viðbrögð við áreiti og einelti í starfsmannahópnum, birta á heimasíðu og kynna vel fyrir starfsmönnum. Æskilegt væri að skilgreina hvað felst í góðum starfsanda og góðum skólabrag og móta leiðir til að viðhalda honum.

Birta ætti skólanámskrá sem heildstætt skjal. Tækifæri eru til að auka fjölbreytta kennsluhætti. Sóknarfæri eru m.a. í að auka eigið val og útfærslu nemenda, auka áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun, kenna nemendum að setja sér eigin markmið í námi, kynna mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu.

Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda. Mikilvægt er að sérkennsluteymi fundi reglulega og markvisst.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst er fjallað um nám og kennslu og mannauð.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla*.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Ölduselsskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

Nemendur þekkja skólastjórnendur og eru ánægðir með samskiptin við þá. Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélags og foreldrar telja þá vera sýnilega í daglegu starfi. Skólinn hefur mótað einkunnarorð sem allir aðilar skólasamfélagsins þekkja en einkunnarorðin eru í skólasöngnum og lögð er áherslu á að halda þeim á lofti í kynningum skólans.

Skipurit liggur fyrir og endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í skólanum og starfslýsingar fyrir alla starfsmenn eru til. Stjórnendateymi skólans fundar vikulega og skólaritari og umsjónarmaður fasteignar funda hálfsmánaðarlega með stjórnendateymi skólans. Starfsmannafundir og kennarafundir eru haldnir reglulega. Dagskrá funda er kynnt fyrirfram og fundargerðir aðgengilegar á sameign. Reglulega er boðið upp á námskeið í skyndihjálpi fyrir starfsmenn.

Gott samstarf er við leikskóla og grunnskóla í hverfinu og skólastjórnendur í hverfinu funda saman nokkrum sinnum á ári. Frístundaheimili fyrir 1.-2. bekk er í húsnæði skólans og aðstoðarskólastjóri fundar vikulega með forstöðumanni þess. Gott samstarf er við skólahljómsveit og tónlistarskóla og nemendur eiga kost á að stunda tónlistarnám á skólatíma. Skólinn tekur þátt í samstarfsverkefnum með öðrum grunnskólum, þjónustumiðstöð og sérfræðingum á sviði skólaþróunar.

Nemendur fá þjálfun í að koma skoðun sinni á framfæri á bekkjarfundum og finnst þeir geta haft áhrif á skólastarfið. Persónumöppur nemenda eru varðveittar í læstum hirslum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf skýra stefnu fyrir skólann í samvinnu við kennara, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila og sammælast um leiðir til að vinna að settu marki. Leggja þarf áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum um skólastarfið og stefnu skólans og skapa þarf vettvang til að starfsfólk geti miðlað þekkingu sína á milli og kynnt áhugaverð verkefni. Æskilegt væri að skólastjórnendur færu reglulega í kennslustundir, veittu kennurum markvissa endurgjöf og hvettu þá til að auka gæði náms og kennslu.

Gera ætti áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og birta á heimasíðu og mikilvægt er að allir starfsmenn fari reglulega í starfsþróunarsamtal. Brýnt er að gera áætlun um viðbrögð við áreiti og einelti í starfsmannahópnum, birta á heimasíðu og kynna vel fyrir starfsmönnum. Nauðsynlegt er að afla upplýsinga hjá sakaskrá við allar ráðningar og allir starfsmenn skólans ættu að undirrita

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

yfirlýsingu um trúnað í starfi. Vinna þarf markvisst að því að auka samstarf, bæði innan stiga og milli stiga, og efla traust milli stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Tryggja þarf að allt starfsfólk fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi skólastarfið.

Gera þarf umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum úr innra mati og stefnu skólans og gera þarf símenntunaráætlun þar sem fram kemur með skýrum hætti hverjar eru helstu áherslur í símenntun starfsfólks fyrir skólaárið, hvaða námskeið eru í boði, hverjir eru ábyrgðarmenn og samstarfsaðilar, tímarammi og fyrir hverja fræðslan er ætluð. Gæta þarf að því að samræmi sé á milli umbótaáætlunar og símenntunaráætlunar.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

Búið er að birta námskrár fyrir alla bekki í mörgum námsgreinum og vinna við útfærslu námsmats er komin vel á veg, sérstaklega á unglingastigi. Starfsáætlun er uppfærð árlega og birt á heimasíðu skólans.

Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda, skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Samvinna er innan árganga og sumar námsgreinar samþættar. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk og nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir (t.d. tónlist) sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Námsráðgjafi hefur fylgt nemendum úr Ölduselsskóla á kynningar framhaldsskólanna. Gott samstarf er við grenndarsamfélagið.

Ítarlegar skólareglur liggja fyrir og eru sanngjarnar að mati nemenda og nemendur taka þátt í að móta bekkjarreglur með kennurum. Skólinn tekur þátt í forvarnarverkefninu Heilsueflandi Breiðholt og unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti skólanámskrá sem heildstætt skjal á heimasíðu skólans og matskvarða allra námsgreina ætti að birta í skólanámskrá með hæfniviðmiðum (A,B,C og D), auk þess að hafa á Mentor. Innleiða og kynna ætti matskvarðana markvisst fyrir nemendum og foreldrum. Ræða ætti framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð.

Tækifæri liggja í því að leggja meiri áherslu á samþættingu greina í stefnu skólans og efla samvinnu milli árganga. Huga þarf vel að því að brjóta upp langar kennslustundir, að nemendur hafi nægan tíma til að koma sér í og úr íþróttum og sundi og að nemendum sé gefinn nægur tími til að borða hádegismat. Lagt er til að Ölduselsskóli haldi áfram að bjóða bráðgerum nemendum að stunda nám í ákveðnum námsgreinum í framhaldsskólum eða tryggi á annan hátt að þeir fái nám við hæfi.

Gera ætti forvarnaráætlun og birta á aðgengilegan hátt. Áætlun um um móttöku nýrra nemenda og nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda ætti að birta á heimasíðu.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

Skólaráð fundar reglulega, fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu og starfsáætlun er lögð fyrir ráðið í byrjun skólaárs. Fulltrúar foreldra í ráðinu eru lýðræðislega valdir til setu og eiga sér bakland í foreldrahópnum. Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórn þess fundar reglulega með skólastjórnendum og ánægja er meðal foreldra gagnvart skólastarfinu. Foreldrafélagið hefur sett sér vandaðar starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu skólans.

Foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í að setja börnum sínum náms- og hegðunarleg markmið. Þeim er boðið að koma á opna daga í skólanum tvisvar á ári til að kynnast skólastarfinu, m.a. er foreldrum barna á yngsta og miðstigi boðið að koma og borða hádegisverð með barninu í skólamötuneyti einu sinni á ári á yngsta og miðstigi. Leitað er eftir viðhorfum foreldra, t.d. með spurningakönnunum á opnum dögum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Æskilegt væri að skólaráð setti sér vinnureglur og kæmi að að endurskoðun á skólareglum.

Kynna ætti fyrir foreldrum námsmarkmið og leiðir til að ná þeim, t.d. á námsefniskynningum að hausti. Móta ætti stefnu varðandi upplýsingagjöf til foreldra og samræma innan stiga og milli stiga og birta á heimasíðu. Birta upplýsingar um skólann og skólastarfið ættu að vera á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Ölduselsskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

Námsvísar/bekkjarnámskrár eru birtar á heimasíðu fyrir alla bekki og flestar námsgreinar. Ölduselsskóli hefur komið vel út í mörgum þáttum í könnunum Skólapúlsins, m.a. mældist tíðni eineltis mikið lægri í Ölduselsskóla en að meðaltali í skólum Reykjavíkur, trú á eigin getu og vinnubrögðum í eigin námi mældist há og ánægja af lestri. Árangur nemenda í Ölduselsskóla í samræmdum prófum hefur oft verið yfir meðaltali í 10. bekk í stærðfræði og ensku. Á heimasíðu eru tilkynningar og fréttir reglulega uppfærðar og vakin er athygli á fjölbreyttum árangri og margvíslegum hæfileikum gefinn gaumur.

Stigvaxandi kröfur og samfella er í námi nemenda milli stiga og nokkuð fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að hvetja og styðja við nám. Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám, þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Margar tölvur í skólanum og gott aðgengi að þeim og kennslustofa fyrir íslensku sem annað mál er mjög vel útbúin með fjölbreyttum kennslugögnum. Á göngum skólans eru mörg verkefni sem nemendur hafa unnið sem gera skólann vinalegan og hlýlegan og skólalóð og aðstæður til útveru eru mjög góðar. Í foreldrakönnun kom fram að 86% þeirra sem tóku þátt eru mjög eða frekar sammála því að heimanám hafi skýr markmið og sé vel skipulagt. Foreldraviðtöl eru reglulega og þar er m.a. rætt um líðan nemenda.

Kennarar eru jákvæðir gagnvart nemendum sem m.a. skilar sér í góðum skólabrag. Flestir kennarar leggja sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda og fagþekking þeirra var oftast sýnileg. Í vettvangsheimsóknnum voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar. Matsaðilar sáu dæmi um kennslustundir þar sem markmið og tilgangur viðfangsefna var kynntur nemendum, meðal annars með One Note og í Pals og matsaðilar sáu dæmi um samþætt verkefni á öllum stigum, þó mest á yngsta stig og verkefni tengd daglegu lífi nemenda í 7. og 8. bekk. Þemaverkefni eru reglulegur hluti af skólastarfinu. Nemendur eru almennt sammála því að kennarar leiðbeini þeim reglulega um hvernig þeim gæti gengið betur í náminu og þeir fái aðstoð frá kennurum þegar þörf er á.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Tækifæri liggja í því að vekja enn meiri athygli á fjölbreyttu skólastarfi og þátttöku einstaklinga í keppnum innan sem utan skólans á heimsíðu. Tryggja þarf að niðurstöður kannana Talnalykils og Lesskimunar séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöðurnar og halda þarf áfram að leita leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Tækifæri eru til að auka enn frekar fjölbreytta kennsluhætti. Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda, auka áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun. Kynna ætti ávallt markmið kennslustunda og leggja áherslu á að kynna nemendum viðmið um árangur í stað markmiða um afköst. Kenna ætti nemendum að setja sér eigin markmið í námi, kynna mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu en tækifæri eru m.a. í því að nýta möguleika One Note betur. Æskilegt væri að skoða aðrar leiðir en getuskiptingu til að koma til móts við nemendur og æskilegt væri að hafa nemendasamtöl reglulega. Mikilvægt er að útfæra námsmat með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá og hæfniviðmiðum, birta nemendum og fjalla um í stefnu skólans. Leggja áherslu á að endurgjöf til nemenda sé leiðbeinandi.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist almennt af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Nemendafélag er starfandi í skólanum og stjórn þess fundar reglulega, tveir meðlimir úr stjórninni eru fulltrúar nemenda í skólaráði. Fundargerðir skólaráðsins eru skráðar og birtar á heimasíðu skólans. Þar er fjallað um hlutverk ráðsins og nöfn meðlima þess birt. Stjórn nemendafélagsins hefur fengið kynningu á hlutverki skólaráða. Farið var yfir reglur og hlutverk þess á fyrsta fundi nemendafélagsins. Valið er í stjórn nemendafélags með lýðræðislegri kosningu.

Í sumum árgöngum eru bekkjarfundir/bekkjarráðsfundir. Kennurum finnst að nemendur geti almennt haft áhrif og þekki leiðirnar til þess og meirihluti nemenda er sammála því að þeir geti komið með skoðun sína á því hvernig hægt er að bæta námið í bekknum. Meirihluti nemenda er sammála því að kennarar og starfsfólk sé sanngjarnt og sýni nemendum virðingu og kennararnir hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja.

Hæfniviðmið skv. aðalnámskrá eru birt í bekkjarnámskrám sem liggja fyrir við matið, fyrir flestar námsgreinar. Nemendur í unglingadeild hafa aðgang að námsáætlunum inn á Mentor og matsaðilar sáu dæmi um fyrirmyndaraðferð í markmiðssetningu þar sem nemendur notuðu One Note. Meirihluti foreldra sem tóku þátt í foreldrakönnun segjast hafa tekið þátt í að setja barninu sínu markmið í námi og þeir segjast reglulega fá góðar leiðbeiningar um námsárangur barnsins.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

Móta þarf leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið og kynna fyrir þeim. Gera ætti fundargerðir nemendafélagsins aðgengilegar öllum nemendum.

Leggja ætti áherslu á að hafa bekkjarfundi reglulega í hverjum bekk/árgangi og auka ætti áherslu á að nemendur þjálfist í að koma fram í kennslustundum. Leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim og tryggja að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur. Tækifæri eru að innleiða One Note í fleiri námsgreinar.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

Skólabragurinn einkennist almennt af viðurkenningu, sanngirni og virðingu og nemendur upplifa almennt að þeir séu hluti af bekk og að bekkjarandinn sé góður. Myndrænar stundatöflur eru á yngsta stigi og kennsla fyrir nemendur í íslensku sem öðru tungumáli fer fram í vel útbúinni kennslustofu þar sem mikið er til af kennslugögnum og verkefni eru sýnileg. Á vettvangi sáu matsaðilar almennt fjölbreytta kennsluhætti milli kennslustunda. Nemendur í rýnihópi unglinga töldu góða kennara vera einn af styrkleikum skólans og að kennarar kæmu vel fram við þá.

Heildaráætlun um skipulag sértæks stuðnings við nemendur hefur verið gerð. Í heildaráætlun er gerð grein fyrir hlutverkum og ábyrgð starfsfólks gagnvart nemendum sem þurfa á stuðningi að halda, aðlögun í námi og félagslegum aðstæðum. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Þar er gerð grein fyrir markmiðum og leiðum, upplýsingar eru um styrkleika og veikleika nemandans, nemendur á unglingastigi eru spurðir út í hvaða áherslur þeir vilja hafa í einstaklingsnámskránni sinni og þær eru bornar undir foreldra. Einstaklingsnámskrár tengjast bekkjarnámskrám eins og unnt er og í flestum tilfellum er námsefni bekkjarnámskráa einfaldað og aðlagð að nemendum. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar eftir hverja önn og skammtíma- og langtíamarkmið nemenda eru skráð.

Nemendaverndarráð hefur sett sér starfs- og verklagreglur sem birtar eru í starfsáætlun og eru mjög vel unnar. Vel er haldið utan um tilfærslu nemenda með skilafundum ef tilefni er til og með samþykki foreldra. Aðgengi starfsfólks er gott að deildarstjóra sérkennslu sem heldur utan um skipulag er varðar stuðning og sérkennslu. Stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk á mið og yngsta stigi. Í heildaráætlun skólans er áætlun um skimanir og stöðluð próf.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda.

Sjónrænt skipulag þarf að vera á öllum stigum, m.a. með tilliti til barna af erlendum uppruna og gott væri að fá fræðslu um virkt tvítyngi fyrir allt starfsfólk. Gera ætti sýnilegra að í skólanum eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku og fjölga þyrfti kennslustundum í íslensku sem öðru tungumáli til að koma til móts við þann fjölda nemenda sem koma út á rauðu og gulu í Milli mála prófi. Foreldrar og nemendur ættu að taka markvisst þátt í mótun eða áherslum einstaklingsnámskrár og kennarar á unglingastigi ættu einnig að koma að gerð þeirra. Æskilegt er að samræma milli stiga ákveðna grunnþætti í einstaklingsnámskrám og kynna þarf starfsfólki hverjir koma að gerð einstaklingsnámskráa. Birta ætti heildaráætlun á heimasíðu skólans og kynna vel fyrir starfsfólki en þar ætti að koma fram í hverju stuðningur frá umsjónarkennara felst í almennu bekkjarstarfi. Tryggja ætti að umsjónarkennarar/faggreinakennarar á unglingastigi hafi yfirsýn yfir nám og félagslega stöðu barna sem sækja námsver.

Gera þarf verkferla um samvinnu skólastiga sýnilega og tilgreina hver heldur utan um samstarf og ábyrgð við skólaskipti. Móta ætti leiðir til að leita eftir sjónarmiðum nemenda og foreldra um nám, námsaðstæður og skipulag. Áætlun um móttöku nemenda af erlendum uppruna ætti að birta á heimasíðu skólans, upplýsingar um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og áætlun um nemendur

sem þurfa sérstakan stuðning.

VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í ÖLDUSELSSKÓLA

Matsaðilar fóru í 27 kennslustundir við ytra matið en ein stund var ekki metin þar sem nemendur voru að taka próf. Aðrar kennslustundir voru metnar út frá viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2). Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvernig útfærsla þeirra var, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni og að lokum hvernig kennslustundin var metin í heildina.

Í heimsóknum matsaðila var oftast merkt við fleiri en eina kennsluaðferð í hverri kennslustund því oft voru nokkrar kennsluaðferðir notaðar. Verkefnavinna var í 77% þeirra kennslustunda sem metnar voru, innlögn var í 54% kennslustunda, markviss samvinna í 42% sem er ágætt hlutfall miðað við aðra skóla, sjálfstæð vinna 10% , þemavinna og tjáning í 15% kennslustunda og tilraunir og eigið val í 4% kennslustunda. Vettvangslýsingar sýndu að nokkuð fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám í Ölduselsskóla en mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt frekar (tafla 4).

Tafla 4: Kennsluaðferðir í 26 kennslustundum í Ölduselsskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	20	77%
Innlögn	14	54%
Markviss samvinna	11	42%
Sjálfstæð vinna	10	38%
Verklegt	6	23%
Sköpun	5	19%
Þemavinna	4	15%
Tjáning	4	15%
Tilraunir	1	4%
Eigið val	1	4%

Þegar val á verkefnum voru skoðuð í kennslustundum sem farið var í, kom í ljós að í 88% kennslustunda ákvað kennarinn verkefnin, nemandinn valdi verkefnið í 4% kennslustunda og í 8% kennslustunda ákváðu bæði kennari og nemandi verkefnið (tafla 5).

Tafla 5: Val á verkefnum í 26 kennslustundum í Ölduselsskóla.


Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	23	88%
Nemendur velja verkefni	1	4%
Bæði kennari og nemendur ákveða	2	8%
Samtals	26	100%

Útfærsla verkefna var ákveðin af kennara í 58% kennslustunda sem heimsóttar voru, í 35% kennslustunda höfðu nemendur val um útfærslu og í 8% kennslustunda höfðu bæði kennari og nemandi val um útfærslu (tafla 4).

Tafla 6: Val á útfærslu 26 kennslustunda í Ölduselsskóla.


Val á útfærslu verkefna		
	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	9	35%
Kennari val um útfærslu	15	58%
Bæði kennari og nemendur útfæra	2	8%
Samtals	26	100%

Í vettvangsathugunum var meiri áhersla á einstaklingsvinnu en markvissa samvinnu, enda þó hún væri til staðar. Einstaklingsvinna var í 27% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru, blanda af einstaklings- og samvinnu var í 58% kennslustunda og í 15% kennslustunda voru nemendur í samvinnu. Blanda af einstaklings- og samvinnu var herra hlutfall en matsaðilar sjá yfirleitt í heimsóknum í öðrum skólum (mynd 3).




Mynd 3: Vinna í 26 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.

Notkun upplýsingatækni í þeim kennslustundum sem matsaðilar fóru í var fremur lítil meðal nemenda. Í 42% kennslustunda voru hvorki nemendur né kennarar að nota tölvu- eða upplýsingatækni, í 31% kennslustunda notuðu aðeins kennarar tölvu- og upplýsingatækni og í 8% kennslustunda notuðu bæði kennarar og nemendur tölvu- og upplýsingatækni. Í 19% kennslustunda voru aðeins nemendur að nota tölvu- og upplýsingatækni.




Mynd 4: Notkun upplýsingatækni í 26 kennslustundum.

Þegar skoðað var hvort kennarar gerðu nemendum grein fyrir markmiðum í kennslustundunum, kom í ljós að í 65% kennslustundanna voru markmið kynnt munnlega fyrir nemendum en aðeins í 12% kennslustunda voru markmiðin sýnileg nemendum.




Mynd 5: Markmið gerð nemendum sýnileg.



Mynd 6: Markmið kynnt nemendum.

Kennslustundir voru metnar eftir viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1 og 2) í vettvangsskoðunum matsaðila. Þar voru 24 kennslustundir metnar góðar eða frábærar, tvær þarf að bæta en engin óviðunandi. Í samanburði við 1000 kennslustundir sem matsaðilar fóru í á árunum 2009-2014 voru hlutfallslega fleiri kennslustundir í Ölduselsskóla frábærar eða góðar, 92% á móti 74% í samantektinni (sjá mynd 7).



Mynd 7: Mat á gæðum kennslustundum Ölduselsskóla í samanburði við 1000 aðrar.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁNÆGJA, LÍÐAN OG AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, VIÐHORF TIL STJÓRNUNAR, SAMSTARF OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

Starfsandi innan skólans er almennt góður.

Öflugt starfsmannafélag starfar við skólann og stendur reglulega fyrir viðburðum, mikil ánægja er með starfsmannafélagið. Kennarar og starfsfólk eru almennt ánægt með vinnuaðstöðuna í skólanum. Aðgengi að stjórnendum er gott og stjórnendur reyna að koma til móts við óskir starfsmanna ef þeir þurfa leyfi af persónulegum ástæðum.

Samstarf kennara innan árganga er almennt gott og gott samstarf er milli kennara á unglingastigi og yngsta stigi. Verkefnastjóri á unglingastig heldur vel utan um stigsfundi, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og sendar í tölvupósti til kennara.

Starfsfólk í sérkennslu tekur þátt í deilda- og stigsfundum og samstarf við kennara er gott.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stjórnendur þurfa að taka á samskiptavandamálum í starfsmannahópnum með markvissum og afgerandi hætti. Gera þarf eineltisáætlun fyrir starfsmenn og kynna vel fyrir öllum starfsmönnum. Skapa þarf vettvang fyrir lýðræðislega umræðu allra starfsmanna um stefnu skólans og skipulag skólastarfsins og mikilvægt er að stjórnendur leiti leiða til að gefa starfsfólki hlutdeild í ákvörðunum er varða skólastarfið. Stjórnendur ættu að vera sýnilegri í skólastarfinu.

Auka þarf samstarf milli stiga og skapa vettvang til að starfsfólk geti miðlað þekkingu sín á milli og til að auka samfellu í námi og kennslu.

Leita þarf leiða til að gera stigsfundi á yngsta og miðstigi markvissari og fylgja eftir því sem rætt er og ákveðið á fundunum. Gæta þarf að því að miðla upplýsingum á fjölbreyttan hátt til að tryggja að allir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi skólastarfið. Huga þarf sérstaklega að því að erlendir starfsmenn einangrist ekki, nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið séu þýddar og túlkar nýttir í samskiptum, þar sem við á. Gera þarf áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og birta á aðgengilegan hátt, t.d. í starfsmannahandbók og á heimasíðu.

Æskilegt er að störf allra starfsmanna séu metin reglulega af stjórnendum í starfsmannaviðtali eða með jafningjamati sem hluti af innra mati.

Stjórnun			Nám og kennsla			Mannauður
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar	Mannauður
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir	Viðhorf til stjórnunar
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingamiðlun og samskipti	Samstarf og upplýsingamiðlun
Skólapróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir	

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:	Skóli
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: <i>(merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur</i>	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei

Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	
Samskipti og samstarf	
Fjölbreytileikinn er virtur	
Samskipti nemenda er jákvæð	

Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum			
Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	Þarf að bæta	Óviðunandi